


Brunamálstofnun

Ársskýrsla 2003



# Efni

<b>Tilgangur og hlutverk</b> . . . . .	<b>3</b>	<b>Slökkviliðin</b> . . . . .	<b>10</b>
Tilgangur . . . . .	3	Undirbúningur að samvinnu slökkviliða komst á skrið . . . . .	10
Hlutverk . . . . .	3	Endurnýjun bílaflotans . . . . .	10
Leiðarljós . . . . .	3	Slökkviliðin í landinu . . . . .	11
Helstu verkefni samkvæmt lögum . . . . .	3		
<b>Inngangur</b> . . . . .	<b>4</b>	<b>Fræðsla, þjálfun og kynning</b> . . . . .	<b>12</b>
		Nýtt námsefni fyrir slökkviliðsmenn . . . . .	12
<b>Skipulag og innra starf</b> . . . . .	<b>5</b>	Námskeið Brunamálaskólans . . . . .	12
Skipulag Brunamálastofnunar . . . . .	5	Farskólinn fór víða . . . . .	13
Breytingar í brunamálaráði . . . . .	5	Málþing um Brunamálaskólann . . . . .	13
Skipurit . . . . .	5	Styrkir úr Fræðslusjóði brunamála . . . . .	14
Samstarfsaðilar . . . . .	5	Fjölsótt ráðstefna slökkviliðsstjóra . . . . .	14
Samið um árangursstjórnun . . . . .	6	Forvarnamynd í alla grunnskóla . . . . .	14
Innra starfið styrkt . . . . .	6	<b>Brunatjón 2003</b> . . . . .	<b>15</b>
<b>Verkefni</b> . . . . .	<b>7</b>	Ekkert manntjón og verulega dró úr eignatjóni . . . . .	15
Fyrstu brunavarnaáætlanir sveitarfélaga gefnar út . . . . .	7	Minna manntjón hérlendis . . . . .	15
Menntun og rannsóknir . . . . .	7	Verulega dró úr eignatjóni . . . . .	16
Leiðbeiningablöð og reglugerðir . . . . .	7	<b>Ársreikningur 2003</b> . . . . .	<b>17</b>
Lagnakerfamiðstöð Íslands . . . . .	8	<b>English summary</b> . . . . .	<b>18</b>
Hönnunareftirlit og brunavarnaúttektir . . . . .	8		
Um úttektir Brunamálastofnunar . . . . .	8		
Framhaldsskólar . . . . .	9		
Gistihús . . . . .	9		
Veiðihús . . . . .	9		

## Brunamálstofnun

Ársskýrsla 2003, gefin út í júlí 2004

Ábyrgðarmaður: Björn Karlsson

Umsjón og texti: Garðar Guðjónsson

Hönnun kápu: Mátturinn og dýrðin

Umbrot og prentun: Svansprent



## Tilgangur

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetu-skilyrða og hefur meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.

## Hlutverk

**Líf** – Brunamálastofnun gegnir lykilhlutverki við umbætur á sviði brunavarna og gegnir að lögum frumkvæðishlutverki við samræmingu þeirra krafta sem að brunavörnum starfa.

**Heilsa** – Stofnunin gegnir forvarnahlutverki gagnvart almenningi. Hún stundar öflugt forvarnastarf með það að leiðarljósi að draga úr tíðni bruna, tjónatíðni og alvarleika tjóna og draga þannig úr líkum á heilsutjóni.

**Umhverfi** – Brunamálastofnun gegnir stjórnsýsluhlutverki við öflun og miðlun þekkingar á sviði viðbragða við mengunaróhöppum á landi. Í því felst að hafa yfirumsjón með setningu reglna, leiðbeininga og samræmingu vinnubragða þannig að slökkvilið bregðist á virkan hátt við mengunaróhöppum.

**Eignir** – Verðmæti eigna í samfélaginu eykst árlega og Brunamálastofnun gegnir stóru hlutverki í þeirri keðju sem ver eignir landsmanna fyrir tjóni. Verðmæti og gæði íbúðarhúsnæðis hafa aukist en mikil verðmætaaukning felst í sífelld flóknara atvinnuhúsnæði þar sem mikilvæg framleiðslutæki og atvinna manna eru í húfi.

## Leiðarljós

Að sinna þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluhlutverki sínu gagnvart stjórnvöldum, slökkviliðum, byggingar-

iðnaði, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum þannig að líf, heilsa, umhverfi og eignir séu varin.

Að styðja aðra aðila í samfélaginu við framkvæmd laga og reglugerða sem lúta að brunavörnum.

Að sjá til þess að á hverjum tíma sé til þekking og reynsla hjá stofnuninni sem nýtist til ráðgjafar á sviði brunavarna og til kennslu og þjálfunar slökkviliðsmanna.

Að mæta með fullnægjandi hætti öllum eðlilegum kröfum um góða stjórnsýslu og rétta framkvæmd verkefna stofnunarinnar á sviði brunavarna.

## Helstu verkefni samkvæmt lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun hefur margbættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Helstu verkefni stofnunarinnar samkvæmt 5. grein laganna eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga til að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf,
- sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- samþykka þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
- yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísa til stofnunarinnar,
- fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
- fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á reglum eftir því sem tilefni gefst til.

Brunamálastofnun ber jafnframt að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.



# Sveitarfélögin taka nýjum áskorunum



Í ársbyrjun 2001 gengu í gildi ný lög um brunavarnir nr. 75/2000. Í þeim eru lagðar auknar skyldur á herðar sveitarfélaga hvað varðar ábyrgð slökkviliðs og slökkviliðsstjóra. Meðal annars má nefna að slökkviliðsstjóri ber nú ábyrgð á viðbragði við mengunar- og eiturefnaslysum. Þetta ákvæði kallar á fjárfestingar í nýjum búnaði og aukna áherslu á menntun og þjálfun slökkviliðsmanna. Ljóst er þó að ekki er þörf á fullkomnum búnaði til slíkra verka hjá öllum

slökkviliðum. Margt bendir til að vænlegt sé að slökkvilið landsins eigi slíkan búnað í sameiningu eða semji við nágrennasveitarfélög um viðbragð við slíkri vá.

Að sama skapi hafa kröfur um skilvirkt eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna aukist mikið, einkum vegna hraðrar þróunar í byggingaiðnaði sem leitt hefur til þess að sífellt flóknari og stærri byggingar rísa. Þannig aukast kröfur um menntun og þjálfun starfsmanna eldvarnaeftirlits. Ljóst er að mörg sveitarfélög geta haft mikinn hag af samvinnu um eldvarnaeftirlit. Sveitarfélög geta þannig samið við aðra aðila, til að mynda slökkvilið annars sveitarfélags eða tæknideild þess, um samvinnu á þessu sviði og jafnvel að sá aðili taki allt eldvarnaeftirlit sveitarfélagsins að sér. Formleg ábyrgð á eldvarnaeftirliti er þó alltaf í höndum slökkviliðsstjóra viðkomandi sveitarfélags eða brunavarnasamlags.

## Stefnt að samvinnu

Í nýju lögnum kemur einnig fram að Brunamálstofnun er heimilt að veita sveitarfélögum fjárstuðning á árunum 2001 til 2005, sé vissum skilyrðum fullnægt. Heildarupphæð þessa fjárstyrks mun nema mörgum tugum milljóna króna, en til að þetta fé skili sér til sveitarfélaganna þarf að sýna fram á að þörf sé á slíkum fjárstuðningi.

Skilvirkasta leiðin til að bregðast við auknum kröfum á hendur slökkviliðum er að auka samvinnu sveitarfélaganna annars vegar og að veita meira fjármagni inn í málaflokkinn hins vegar. Fjöldi sveitarfélaganna og brunavarnasamlaga stefnir nú á þessa leið með því að skrifa skýrslur um það hvernig samvinnu slökkviliða á svæðinu skuli háttað. Má þar nefna slökkviliðin við Eyjafjörð og slökkviliðin á Snæfellsnesi sem sett hafa fram ítarlegar áætlanir um kaup á búnaði, þjálfun slökkviliðsmanna og samvinnu vegna eldvarnaeftirlits. Þessar greinargerðir verða svo lagðar til grundvallar þegar teknar verður ákvarðanir um hvort veita eigi sveitarfélögum fjárstuðning til að hrinda áætlunum í framkvæmd.

Rekstur slökkviliðs og starfræksla eldvarnaeftirlits er mikilvægur liður í því verkefni sveitarfélaganna að stuðla að öryggi og velferð íbúanna og atvinnulífsins. Það er að mati undirritaðs engum vafa undirorpið að aukin samvinna er forsenda þess að unnt verði að reka öflug útkalls- og forvarnalið um allt land. Íbúarnir og atvinnulífið eiga mikið undir því að svo geti orðið. Það er afskaplega ánægjulegt að finna að þetta sjónarmið fær æ meiri hljómgrunn hjá forsvarsmönnum sveitarfélaganna og slökkviliða víða um land.

## Metnaður í menntunarmálum

Lögin um brunavarnir gera stórukröfur á hendur öllum sem starfa að brunavörnum í landinu. Þetta á ekki síst við um þekkingu og færni slökkviliðsmanna í landinu. Í því efni beinast sjónir manna mjög að Brunamálaskólanum.

Skammt er stórra högga á milli í málefnum Brunamálaskólans um þessar mundir. Skólinn fagnar tíu ára afmæli á þessu ári og ljóst er að staða hans hefur aldrei verið sterkari en einmitt nú á þessum tímamótum. Brunamálaskólinn er ekki stór stofnun að vöxtum. Mikilvægi hans fyrir gæði þeirrar þjónustu sem slökkviliðin veita er því meira.

Brautryðjendastarf var unnið í gerð námsefnis fyrir skólann og nemendur hans í skólastjóratið Guðmundar Haraldssonar 1994-2002. Á grunni þeirrar vinnu hefur nú á síðustu misserum verið gert stórfellt átak í gerð námsefnis undir stjórn núverandi skólastjóra, Elísabetar Pálmadóttur.

## Stórátak í gerð námsefnis

Á haustdögum 2003 gerðu Brunamálaskólinn og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) samkomulag um stórátak í gerð námsefnis fyrir slökkviliðsmenn. Í því fólst að safna saman öllu því námsefni sem fyrir hendi var og taka saman, þýða, staðfæra og semja nýtt efni. Verkefnið var viðamikil og tugir reyndra slökkviliðsmanna og kennara við Brunamálaskólann glímdu við það af mikilli einbeitingu mánuðum saman. Afrakstur þessarar vinnu liggur nú fyrir. Íslenskir slökkviliðsmenn hafa í fyrsta sinn aðgang að heildstæðu kennsluefni í einu riti sem hefur fengið heitið Slökkvistarf og er talsvert að vöxtum. Jafnframt hafa verið útbúin vönduð kennslugögn, glærur, verkefni og próf. Þetta nýja námsefni hefur nú þegar verið notað á 540 stunda námskeiði fyrir atvinnuslökkviliðsmenn sem haldið var í fyrsta sinn fyrr á þessu ári.

Óhætt er að segja að SHS, yfirstjórn þess og starfsmenn, hafi tekist á við verkefnið af feikilega miklum metnaði. Þeir sem lögðu þar hönd á plóg skiluðu miklu og góðu verki. Þetta öflugasta björgunarlið landsins á í senn þakkir og heiður skilinn fyrir framlag sitt.

## Þegar allir leggjast á eitt

Óhætt er að segja að staða menntunarmála slökkviliðsmanna í landinu hafi breyst mikið á skömmum tíma með því átaki sem gert var á síðasta ári. Árangurinn af þessu starfi er frábært dæmi um hvernig lyfta má grettistaki þegar allir leggjast á eitt. Sá árangur sem náðst hefur í þessum efnum er að mínu mati til marks um þann mikla faglega metnað sem einkennir starf þeirra sem vinna að brunavörnum í landinu og menntun slökkviliðsmanna. Það er starfsfólki Brunamálstofnunar mikil hvatning að finna þennan metnað í samskiptum sínum við þá sem hlut eiga að máli. Hjá tæknideildum sveitarfélaganna, slökkviliðsstjórum og þeirra mönnum, hjá yfirvöldum brunamála, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félagi slökkviliðsstjóra. Samstarf og sameiginleg markmið allra þessara aðila eru lykill að árangri í þessum mikilvæga málaflökki.

Dr. Björn Karlsson  
brunamálstjóri

# Skipulag Brunamálastofnunar

Brunamálastofnun starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn brunamála en Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar og hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára. Hann fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann er ábyrgur fyrir rekstrinum gagnvart ráðherra. Dr. Björn Karlsson var skipaður í stöðu brunamálastjóra frá 1. janúar 2001. Fastráðnir starfsmenn Brunamálastofnunar voru 11 talsins 31. desember 2003 en auk þess kaupir stofnunin þjónustu sérfræðinga vegna einstakra verkefna.

## Breytingar í brunamálaráði

Umhverfisráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn. Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar og skal ráðherra leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögnum. Brunamálastjóri situr fundi ráðsins og yfirverkfræðingur stofnunarinnar er ritari þess. Þrjár breytingar urðu á skipan ráðsins á síðasta ári. Helgi Ívarsson, Tómas Búi Böðvarsson og Guðmundur Vignir Óskarsson létu af störfum og er ráðið nú þannig skipað:

**Drífa Sigfúsdóttir** formaður, skipuð af ráðherra  
**Guðrún Ólafsdóttir**, tilnefnd af Brunatæknifélagi Íslands  
**Sigmar Ármannsson**, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga  
**Gestur Pétursson**, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins  
**Inga Hersteinsdóttir**, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
**Ásmundur Jónsson**, tilnefndur af Félagi slökkviliðsstjóra  
**Vernharð Guðnason**, tilnefndur af Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS)

Guðrún tók sæti Helga í ráðinu, Vernharð kom í stað Guðmundar Vignis og Ásmundur í stað Tómasar Búa. Ráðið kom




Brunamálaráð, frá vinstri: Gestur, Ásmundur, Björn, Drífa, Sverrir Björn Björnsson (varamaður Vernharðs), Inga, Guðrún, Sigmar.

þrisvar saman á síðasta ári. Auk ofangreindra verkefna ráðsins má nefna að það veitir umsögn um úthlutanir styrkja úr Fræðslusjóði brunamála.

## Samstarfsaðilar

Til þess að ná markmiðum sínum hefur Brunamálastofnun náði samstarf við fjölda aðila sem fjalla um brunavarnir og byggingamál á Norðurlöndunum og ýmsa fagaðila í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru:

- Umhverfisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Vinnueftirlitið
- LSS
- Félag slökkviliðsstjóra
- Félag byggingafulltrúa
- Slökkviliðin





Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri undirrituðu samning um árangursstjórnun í árslok.

Byggingafulltrúar  
Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands  
Verkfræðingar, arkitekta og hönnuðir  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Tryggingafélögin  
Ríkislögreglustjórnin  
Flugmálastjórn  
Lagnakerfamiðstöð Íslands

Brunamálastofnun hefur einnig samstarf við fjölmarga aðila á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Um er að ræða systurstofnanir og byggingastofnanir, brunamálastofnir, rannsóknastofnanir og fagfélög.

Brunamálastofnun tekur þátt í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um tæknilegar prófanir. Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur var formaður sérfræðinefndar um brunamál á vegum Nordtest. Nefndin fjallaði um umsóknir til rannsóknaverkefna á sviði brunamála og gerði tillögu til stjórnar Nordtest um úthlutun styrkja. Guðmundur er einnig fulltrúi Brunamálastofnunar í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um sprengihættuefni, Nordex.

Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri situr síðan 2002 í stjórn Alþjóðlega brunavísindafélagsins (International Association for Fire Safety Science) og er formaður menntunarnefndar félagsins. Hann hefur enn fremur setið í menntamálanefnd Verkfræðingafélags Íslands en hún er umsagnaraðili fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hverjir skuli hljóta starfsheitið verkfræðingur.

### Samið um árangursstjórnun

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri undirrituðu í lok árs samning sem felur í sér að árangur af starfi Brunamálastofnunar verður mældur samkvæmt skilgreindum mælikvörðum með notkun matskorts. Brunamálastofnun varð þannig með allra fyrstu stofnunum ríkisins til þess að gera slíkan samning en að baki honum liggur mikil vinna við stefnumótun og endurskoðun á innra starfi

stofnunarinnar. Samningurinn gildir fyrir árin 2004-2007 og er gert ráð fyrir að umhverfisráðuneytið fari árlega yfir árangur af starfinu.

Mælikvarðar sem birtast í matskorti Brunamálastofnunar byggja á tveimur stefnumarkandi skjölum. Annars vegar stefnu Brunamálastofnunar til 2007 og hins vegar lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Hvor tveggja kveða á um það meginhlutverk Brunamálastofnunar að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir. Lögin ásamt auknum kröfum um skilvirkni í ríkisrekstri hafa valdið talsverðum breytingum á starfsumhverfi Brunamálastofnunar. Þess vegna hefur á undanförunum misserum verið lögð mikil vinna í stefnumótun og endurskoðun á innra starfi stofnunarinnar. Þessi vinna hefur gert kleift að setja upp árangursstjórnunarkerfi sem formlega var komið á um síðastliðin áramót.

Við mælingu á árangri af starfi stofnunarinnar verður einkum litið til fjögurra þátta;

- þjónusta við viðskiptamenn,
- fjármálastjórnun,
- starfsmannamála,
- innri verkferla.

Áhersla er meðal annars lögð á að stofnunin veiti hagsmunaaðilum góða þjónustu, standi vel að forvarnastarfi og upplýsingamiðlun og tryggi örugga og fjölbreytta starfsemi Brunamálastofnunar. Enn fremur verður lagt til grundvallar við mat á árangri hvort reksturinn verður í samræmi við fjárheimildir og áætlanir.

### Innra starfið styrkt

Sem fyrr segir hafa starfsmenn Brunamálastofnunar unnið að því með ráðgjöfum að endurskoða með gagngerum hætti allt innra starf stofnunarinnar. Stefna stofnunarinnar til 2007 var staðfest á síðasta ári en samhliða vinnu við almenna stefnumótun var unnið að því að styrkja innviði stofnunarinnar. Um mitt síðasta ár var tekið í notkun nýtt GoPro skjalastjórnunarkerfi. Eftirfarandi þættir í innra starfi stofnunarinnar eru nú fullmótaðir:

- Starfsmannastefna
- Jafnréttisáætlun
- Starfsmannahandbók
- Stofnun starfsmannafélags
- Fyrirkomulag starfsmannasamtala
- Ferlagreining og verklagsreglur
- Endurskoðun launakerfis og stofnanasamninga

# Fyrstu brunavarnaáætlanir sveitarfélaga gefnar út

Samkvæmt lögum um brunavarnir ber sveitarfélögum að gera brunavarnaáætlanir fyrir starfssvæði slökkviliðanna í landinu og senda Brunamálastofnun þær til staðfestingar. Leiðbeiningar um gerð brunavarnaáætlana voru gefnar út 2001 og hefur víða verið unnið að gerð áætlana samkvæmt þeim á undanförunum árum. Fyrsta brunavarnaáætlunin til að hljóta samþykki Brunamálastofnunar var áætlun fyrir starfssvæði Slökkviliðs Húsavíkur og var hún undirritað á Húsavík 23. október 2003. Nokkru síðar undirritaði brunamálastjóri brunavarnaáætlun fyrir Brunavarnir Skagafjarðar ásamt fulltrúum sveitarfélagsins. Fjöldmörg önnur sveitarfélög hafa sent Brunamálastofnun drög að brunavarnaáætlun til skoðunar. Hins vegar er ljóst að dráttur verður víða á gerð brunavarnaáætlana þar eð víða um land er unnið að undirbúningi að frekari samvinnu slökkviliða og jafnvel sameiningu slökkviliða eða sveitarfélaga.

Í brunavarnaáætlun er ætlast til þess að sveitarfélögin skilgreini þá þjónustu sem þau hyggjast veita á þessu sviði. Gerðar eru kröfur um ákveðinn lágmarks viðbúnað en allt umfram hann er á valdi sveitarfélaganna. Þannig geta þau ákveðið að annast ákveðna þætti í brunavörnum en þau geta einnig ákveðið að hafa samstarf um ákveðna þætti í þjónustunni og skipta með sér verkum. Markmiðið með gerð brunavarnaáætlana er að auðvelda skipulag og gera starf slökkviliðanna gagnsærra fyrir almenning. Brunavarnaáætlun á að auðvelda almenningi að kynna sér skipulag og markmið slökkviliðsins í viðkomandi sveitarfélagi.

Í upphafi árs 2003 hélt Brunamálastofnun sex námskeið fyrir slökkviliðsstjóra og þá einstaklinga sem hugðust vinna við gerð brunavarnaáætlana. Á námskeiðunum var fjallað um hvað þyrfti að koma fram í brunavarnaáætlun. Nær allir slökkviliðsstjórar landsins sóttu námskeiðin og tókust þau mjög vel.

Starfsmenn Brunamálastofnunar hafa lagt talsverða vinnu í umfjöllun um brunavarnaáætlanir á undanförunum misserum. Þeir hafa fjallað um 20 áætlanir og sumar þeirra oftast en einu sinni. Um síðustu áramót höfðu sem fyrr segir tvö slökkvilið lokið gerð brunavarnaáætlunar og fimm önnur voru nálægt því takmarki. Nær 30 önnur voru misjafnlega

langt á veg komin með gerð sinna áætlana en enn höfðu 21 slökkvilið ekki hafist handa svo vitað væri.

## Menntun og rannsóknir


Brunamálastofnun hefur á undanförunum árum lagt vaxandi áherslu á þátttöku í ýmsum rannsóknum á sviði byggingaverkfræði auk þess að annast kennslu og ráðgjöf við ýmsar stofnanir. Þannig er nú unnið að rannsókn vegna hættu sem slökkviliðsmönnum stafar af eldi í lokuðu rými. Rannsóknin er unnin í samvinnu við umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands með styrk frá Evrópusambandinu. Doktorsnemi við Háskóla Íslands vinnur að rannsókninni. Hluti af verkefni hans er að starfa á einni virtustu rannsóknastofnun Bandaríkjanna og aðstoða þar við rannsóknir á atburðunum sem urðu í tvíburaturnunum í New York 11. september 2001. Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri og Jónas Elíasson, prófessor við Háskóla Íslands, eru leiðbeinendur verkefnisins.

Brunamálastjóri var einnig leiðbeinandi Guðna Pálssonar byggingaverkfræðings vegna mastersverkefnis hans við háskólann í Lundi í Svíþjóð um áhættu í Hvalfjarðargöngum. Guðni varði ritgerð sína á vordögum 2004. Þá hefur brunamálastjóri kennt mastersnemum á fjórða ári við umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands. Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur stofnunarinnar, annaðist kennslu í brunavörnum við Tækniháskóla Íslands eins og fyrri ár. Enn má nefna að hann hélt fjölda námskeiða í samvinnu við Rafiðnaðarskólann og fleiri, meðal annars um brunaviðvörðunarkerfi og brunabéttingar.

Brunamálastofnun stóð í upphafi árs 2003 fyrir 40 stunda námskeiði um hönnun úðakerfa. Fyrirlesari á námskeiðinu var breskur og var námskeiðið með sama sniði og í Bretlandi. Sextán hönnuðir sátu námskeiðið.

## Leiðbeiningablöð og reglugerðir

Brunamálastofnun sendi út fjögur ný leiðbeiningablöð í október 2003:



Myndin sýnir hve slökkvilið landsins eru langt á veg komin (31.12.03) með gerð brunavarnaáætlana sem lög gera ráð fyrir að séu gerðar fyrir starfssvæði allra slökkviliða.





Brunamálastofnun tekur í vaxandi mæli þátt í menntun og rannsóknum. Á síðasta ári tók stofnunin meðal annars þátt í rannsókn á áhættu í Hvalfjarðargöngum. Myndin var tekin á æfingu sem Brunamálastofnun og fleiri stóðu að.

- Leiðbeiningablað nr. 137 um brunavarnir í samkomu-tjöldum.
- Leiðbeiningablað nr. 168 um geymslu á ammoníum nítrat áburði.
- Leiðbeiningablað nr. 208.2 um opnara á hurðum í flóttaleiðum.
- Leiðbeiningablað nr. 208.3 um rafdrifnar rennihurðir í flóttaleiðum.

Vinna hófst á árinu við gerð fimm reglugerða en engin ný reglugerð var gefin út. Reglugerðirnar fjalla um

- brunahönnun mannvirkja,
- brunavarnir í samgöngumannvirkjum,
- handslökkvitæki og slöngukefli,
- hlífðarbúnað slökkviliðsmanna,
- reykköfun og eiturefnaköfun.

Haldið var áfram vinnu við gerð nýrra reglugerða sem hafin var árið 2002. Meðal annars liggja fyrir drög að reglugerð um skipulag og tækjabúnað slökkviliða.

## Lagnakerfamiðstöð Íslands

Brunamálastofnun veitti Lagnakerfamiðstöð Íslands (LKÍ) rekstrarstyrk þriðja árið í röð en stofnunin var meðal stofnaðila að miðstöðinni með 10,5 milljóna króna framlagi. LKÍ er rekin í samvinnu Brunamálastofnunar, Lagnafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands, Tækniháskóla Íslands, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Iðntækni-stofnunar, Samtaka iðnaðarins og Sambands iðnmenntaskóla. Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur er fulltrúi Brunamástofnunar í stjórn miðstöðvarinnar.

LKÍ hefur borist fjöldi góðra gjafa frá því hún var stofnuð. Á

síðasta ári fékk miðstöðin að gjöf kennslukerfi í úðakerfum frá Viking í Svíþjóð að verðmæti tvær milljónir króna. Gjöfin gjörbreytir aðstöðu LKÍ til kennslu og þjálfunar fyrir hönnuði og uppsetningaraðila, meðal annars á námskeiðum Brunamálastofnunar. Brunamálastofnun og VSB Verkfræðistofan sáu um hönnun kerfisins.

## Hönnunareftirlit og brunavarnaúttektir

Brunamálastofnun gerði skýrslu eða ritaði bréf vegna 55 bygginga sem hún skoðaði að beiðni slökkviliðsstjóra víðs vegar um landið. Auk þess voru skoðaðar 12 byggingar með slökkviliðsstjórum þar sem þeir önnuðust skýrslugerð.

Brunamálastofnun hefur skoðað byggingar kerfisbundið og skráð upplýsingar um þær í gagnagrunn allt frá 1987. Frá 1996 hafa einstakir flokkar bygginga verið skoðaðir. Á síðastliðnu ári skoðaði stofnunin framhaldsskóla, gísthús og veiðihús og gerði fjölda skýrslna í kjölfarið. Við þessar skoðanir er stuðst við eftirfarandi einkunnagjöf:

- **Framúrskarandi:** Brunavarnir eru í fullkomnu lagi og umfram kröfur í byggingareglugerð.
- **Ágætt:** Brunavarnir standast kröfur reglugerðar.
- **Sæmilegt:** Í lagi í aðalatriðum þótt sitthvað sé aðfinnsluvert.
- **Slæmt:** Stenst ekki kröfur og þarfnast úrbóta þótt ekki sé um bráða hættu að ræða.
- **Óviðunandi:** Bráð hætta og þarfnast tafarlausra úrbóta.

## Um úttektir Brunamálastofnunar

Hlutfallstölurnar sem nefndar eru hér að neðan um almennt ástand brunavarna í framhaldsskólum, gísthúsum og veiðihúsum ber að skoða í ljósi nokkurra atriða. Tilgangur úttekta



Brunamálastofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með þróun mála milli ára og það kerfi sem notað er til einkunnagjafar verður að vera einfalt og byggja á gildandi byggingareglugerð.


Hins vegar starfa eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna í mun flóknara umhverfi þar sem oft verður að taka tillit til eldri húsa sem byggð eru samkvæmt eldri byggingareglugerðum. Jafnframt fer eldvarnaeftirlit ósjaldan fram á að eigandi íbúðarhúsnæðis geri langtímaáætlun um bættar brunavarnir eða samþykkir hönnun þar sem vissum tæknilausnum hefur verið beitt þótt ljóst sé að byggingin uppfylli strangt til tekið ekki öll ákvæði gildandi byggingareglugerðar.

Með skoðunum sínum fylgist Brunamálastofnun með þróun milli ára og ber saman brunavarnir í ýmsum flokkum bygginga, auk þess að tryggja samræmt eldvarnaeftirlit á landinu öllu. Þegar niðurstaða Brunamálastofnunar er sú að ástand brunavarna sé slæmt eða óviðunandi sendir stofnunin skýrslu um úttektina til slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

## Framhaldsskólar

Skoðaðir voru 19 framhaldsskólar (rekstrareiningar) en alls voru gerðar 25 skýrslur (skoðaðar byggingar) víða um land frá maí til nóvember 2003. Stofnunin hefur í gagnagrunni sínum skýrslur um 48 framhaldsskóla sem hún skoðaði 1998.

Þegar litið er almennt á ástand brunavarna framhaldsskóla er ljóst að ástand þeirra er nokkuð gott. Allmargar byggingar fengu einkunnina slæmt þar eð vissir þættir brunavarna voru ekki í lagi en í flestum tilfellum ætti að vera auðvelt að lagfæra þau atriði svo byggingin komist upp í ágætt eða sæmilegt ef vilji er fyrir hendi. Miðað við skoðun allra framhaldsskóla frá 1998 hefur ástandið batnað stórkostlega. Árið 1998 var ástandið þannig að 40 prósent framhaldsskóla fékk einkunnina ágætt eða sæmilegt en árið 2003 var hlutfallið orðið 72 prósent.




Ástand brunavarna framhaldsskóla 2003.

## Gistihús

Gistihúsin sem skoðuð voru eru að mestu leyti notuð yfir sumartímamann en fjöldi þeirra er einnig notaður sem heimavist framhaldsskóla um vetur.

Skoðaðar voru 24 rekstrareiningar. Gerðar voru alls 28 skýrslur (skoðaðar byggingar) um gistihús víða um land frá apríl til október 2003. Stofnunin hefur í gagnagrunni sínum



Ástand brunavarna gistinga 2003.


skýrslur um 312 hótél, gistihús og veiðihús sem hún skoðaði 1997.

Niðurstaða skoðananna er sú að ástandið sé í flestum tilvikum nokkuð gott. Allmargar byggingar fengu einkunnina slæmt þar eð vissir þættir brunavarna voru ekki í lagi en í flestum tilfellum ætti að vera auðvelt að lagfæra þau atriði svo byggingin komist upp í einkunnina ágætt eða sæmilegt.

Miðað við skoðun allra gistinga frá 1997 hefur ástandið því sem næst staðið í stað. Nauðsynlegt er að taka á ástandinu þar sem það telst slæmt en það á við um 46 prósent tilvika.

## Veiðihús

Gerðar voru alls 15 skýrslur (skoðaðar byggingar) um veiðihús víða um land á tímabilinu maí til júlí 2003. Niðurstaðan er sú að 67 prósent veiðihúsa geta talist hafa góðar eða viðunandi brunavarnir. Hins vegar fá 33 prósent veiðihúsa sem voru skoðuð einkunnina slæmt eða óviðunandi og úr því þarf að bæta. Árið 1998 var ástandið eftirfarandi: ágætt eitt eða fimm prósent, sæmilegt níu eða 47 prósent, slæmt sjö eða 37 prósent og óviðunandi tvö eða 11 prósent.



Ástand brunavarna í veiðihúsum 2003.



Auknar skyldur slökkviliða vegna mengunarslysa hafa víða orðið hvati að umræðu um samvinnu.



SHS hefur nú eignast tvo Scania dælubíla frá MT bílum á Ólafsfirði.

## Undirbúningur að samvinnu slökkviliða komst á skrið

Umræður um samvinnu slökkviliða komust á talsverðan skrið á síðasta ári. Fyrir liggja skýrslur um samvinnu slökkviliða á Vesturlandi og við Eyjafjörð og annars staðar er skýrslugerð langt komin. Brunamálastofnun hefur hvatt sveitarfélög eindregið til aukinnar samvinnu og veitt styrki til undirbúnings. Fyrirsjáanlegt er að stofnunin muni veita slökkviliðum styrki sem nemur tugum milljóna króna vegna samvinnu eða sameiningar á allra næstu árum.

Hefðbundnum slökkviliðum fækkaði um eitt á síðasta ári þegar Slökkvilið Kjósarsýslu var lagt niður. Hins vegar voru stofnuð tvö ný slökkvilið í tengslum við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, annars vegar slökkvilið Fosskraft í Fljótsdal og hins vegar slökkvilið Impregilo á Kárahnjúkum.

Ekkí er ljóst hvort slökkviliðum muni fækka til muna á næstu árum en ef að líkum lætur mun samvinna þeirra aukast verulega. Þannig er gert ráð fyrir að afl þeirra muni aukast og þjónusta við íbúana batna. Hvatinn að umræðu um samvinnu eða sameiningu slökkviliða á undanförunum árum er ekki síst þær miklu skyldur sem lagðar voru á slökkviliðin um viðbúnað vegna mengunarslysa í lögum um brunavarnir. Ljóst er að slökkvilið víða um land eru illa undir það búin að standa undir þessum skyldum uppá eigin spýtur. Þau sjá hins vegar fram á að geta komið upp nauðsynlegum búnaði og staðið að þjálfun í samvinnu við aðra. Ennfremur er þess vænst að efla megi eldvarnaeftirlit með samvinnu og jafnvel sameiningu slökkviliða.

Brunamálastofnun hefur veitt slökkviliðum styrki til að standa straum af kostnaði við könnun á kostum samvinnu, alls 2,4 milljónir króna. Komi til ákvarðana um sameiginlegan rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs ber stofnuninni að veita viðkomandi sveitarfélögum tímabundinn fjárstuðning og er áætlað að tugir milljóna króna verði veittir til þess verkefnis á næstu árum. Þegar hafa verið lagðar fram tillögur um hvernig dreifa skuli þessu fjármagni. Auk þess gera áætlanir Brunamálastofnunar ráð fyrir að talsverðu fé verði varið til þess að byggja upp æfingasvæði fyrir slökkvilið á nokkrum stöðum á landinu. Því er fyrirsjáanlegt að talsverð framþróun verður í rekstri slökkviliða á næstu árum, einkum á landsbyggðinni.

Sjö hópar slökkviliða og sveitarfélaga, alls á fjórða tug

aðila, hafa hlotið styrki til að kanna kosti samvinnu eða sameiningar og nema styrkirnir 300-400 þúsundum króna hver:

- Sandgerði, Brunavarnir Suðurnesja og Grindavík.
- Snæfellsbær, Grundarfjörður og Stykkishólmur.
- Blönduós, Húnaþing vestra, Bæjarhreppur og Skagaströnd.
- Slökkvilið Akureyrar, Brunavarnir Eyjafjarðar, Grenivík, Dalvík, Ólafsfjörður og Hrísey.
- Níu sveitarfélög á Norðausturlandi frá Þórshöfn til Seyðisfjarðar.
- Átta sveitarfélög í Þingeyjarsýslum frá Húsavík til Raufarhafnar.
- Akranes, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit.

### Endurnýjun bílaflotans

Nokkur slökkvilið keyptu nýja og notaða bíla á síðasta ári sem hér segir:


#### Dælubílar

- SHS fékk afhentan nýjan Scania Vabis með Ziegler dælu, yfirbyggðan hjá MT bílum á Ólafsfirði.
- Slökkvilið Bolungarvíkur fékk nýjan Man frá MT bílum með Ziegler dælu.
- Slökkvilið Ólafsfjarðar keypti notaðan Mercedes Benz með Ziegler dælu og nýrri yfirbyggingu frá MT bílum.
- Slökkviliðið á Kárahnjúkum keypti notaðan Deutz með Deutz dælu.
- Slökkvilið Grímseyjar keypti notaðan Range Rover með Godiva dælu.
- Slökkvilið Borgarfjarðar eystra keypti notaðan Mercedes Benz Unimog með Godiva dælu.
- Slökkvilið Hríseyjar keypti notaðan Man með Ruhberg dælu.

#### Aðrir bílar

- Brunavarnir Árnessýslu keyptu notaðan Mercedes Benz körfubíl frá Noregi.
- Brunavarnir Austur-Skaftafellssýslu keyptu notaðan Man tankbíl.

# Slökkviliðin í landinu



## Slökkvilið

(útkallsnúmer innan sviga)

- |   |                        |
|---|------------------------|
| 1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (10201)      | Hrólfur Jónsson        |
| 2. Slökkvilið Akraness (20201)                  | Jóhannes Engilbertsson |
| 3. Slökkvilið Grundartanga                      | Helgi Ingólfsson       |
| 4. Brunavarnir Borgarness og nágrennis (30205)  | Bjarni K. Þorsteinsson |
| 5. Slökkvilið Borgarfjarðardala (30202)         | Pétur Jónsson          |
| 6. Slökkvilið Snæfellsbæjar (40203)             | Jón Þór Lúdvíksson     |
| 7. Slökkvilið Grundarfjarðar (40202)            | Guðni Áslaugsson       |
| 8. Slökkvilið Stykkishólms (40201)              | Þorbergur Bæringsson   |
| 9. Slökkvilið Dalabyggðar (50201)               | Jóhannes Hauksson      |
| 10. Slökkvilið Reykhólahrepps (60202)           | Ragnar K. Jóhannsson   |
| 11. Brunavarnir Vesturbyggðar (60201)           | Sigurður Guðmundsson   |
| 12. Slökkvilið Tálknafjarðar (60203)            | Egill Sigurðsson       |
| 13. Slökkvilið Bolungarvíkur (70201)            | Ólafur P. Benediktsson |
| 14. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (80201)          | Þorbjörn Sveinsson     |
| 15. Slökkvilið Súðavíkurbæjar (80205)           | Albert Hreiðarsson     |
| 16. Slökkvilið Hólmavíkur (90201)               | Einar Indriðason       |
| 17. Slökkvilið Drangsness, Strandasýslu (90203) | Tryggvi Ólafsson       |
| 18. Slökkvilið Borðeyrar (90202)                | Eiríkur Ingvason       |
| 19. Slökkvilið Vestur Húnavatnssýslu (100202)   | Skúli Guðbjörnsson     |
| 20. Slökkvilið Austur Húnavatnssýslu (100201)   | Bragi Árnason          |
| 21. Slökkvilið Skagastrandar (100203)           | Þröstur Líndal         |
| 22. Brunavarnir Skagafjarðar (110201)           | Óskar Stefán Óskarsson |
| 23. Slökkvilið Siglufjarðar (120201)            | Kristinn Georgsson     |
| 24. Slökkvilið Ólafsfjarðar (130201)            | Magnús Sigursteinsson  |
| 25. Slökkvilið Dalvíkur (140202)                | Sigurður Jónsson       |
| 26. Slökkvilið Akureyrar (140201)               | Erling Júlíusson       |
| 27. Slökkvilið Grímseyjar (140205)              | Sigurður Bjarnason     |
| 28. Slökkvilið Grenivíkur (140204)              | Hafsteinn Sigfússon    |
| 29. Slökkvilið Hríseyjar (140203)               | Þorgeir Jónsson        |
| 30. Slökkvilið Laugum og Stórutjörnum           | Friðrik Steingrímsson  |

## Slökkviliðsstjóri

## Slökkvilið

- |  |                             |
|--|-----------------------------|
| 31. Slökkvilið Húsavíkur (150201)                                | Jón Á. Salómonsson          |
| 32. Slökkvilið Mývatns, Reykjahlíð (150208)                      | Þorbergur Ásvaldsson        |
| 33. Slökkvilið Kópaskers (150202)                                | Jón Grímsson                |
| 34. Slökkvilið Raufarhafnar (150203)                             | Óskar Óskarsson             |
| 35. Slökkvilið Vopnafjarðar, Bakkafjarðar og Þórshafnar (160203) | Björn Heiðar Sigurbjörnsson |
| 36. Slökkvilið Borgarfjarðar eystra (160204)                     | Björn Skúlason              |
| 37. Brunavarnir á Héraði (160202)                                | Baldur Pálsson              |
| 38. Slökkvilið Seyðisfjarðar (160201)                            | Ásgeir Magnússon            |
| 39. Slökkvilið Mjóafjarðar (180207)                              | Ingólfur Sigfússon          |
| 40. Slökkvilið Fjarðabyggðar (170201)                            | Þorbergur Hauksson          |
| 41. Slökkvilið Fáskrúðsfjarðar (180203)                          | Steinn B. Jónasson          |
| 42. Slökkvilið Stöðvarfjarðar (180204)                           | Bjarni Gíslason             |
| 43. Slökkvilið Breiðdalsvíkur (180205)                           | Indriði Margeirsson         |
| 44. Slökkvilið Djúpvogs (180206)                                 | Ágúst Bogason               |
| 45. Brunavarnir A-Skaftafellssýslu (190201)                      | Steinþór Hafsteinsson       |
| 46. Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs (200202)                     | Hilmar Gunnarsson           |
| 47. Slökkvilið Vík (200201)                                      | Guðm. P. Guðgeirsson        |
| 48. Slökkvilið Vestmannaeyja (220201)                            | Ragnar Baldvinsson          |
| 49. Slökkvilið Búrfellsvirkjunar                                 | Gunnar Guðmundsson          |
| 50. Slökkvilið Rangárvallasýslu (210201)                         | Böðvar Bjarnason            |
| 51. Slökkvilið Flúðum (230204)                                   | Jóhann Marelsson            |
| 52. Brunavarnir Árnassýslu (230208)                              | Kristján Einarsson          |
| 53. Slökkvilið Þorlákshafnar (230209)                            | Guðni Þór Ágústsson         |
| 54. Slökkvilið Hveragerðis (230202)                              | Snorri Baldursson           |
| 55. Slökkvilið Grindavíkur (240202)                              | Ásmundur Jónsson            |
| 56. Slökkvilið Sandgerðis (240203)                               | Reynir Sveinsson            |
| 57. Slökkvilið Keflavíkurlugvallar (250201)                      | Haraldur Stefánsson         |
| 58. Brunavarnir Suðurnesja (240201)                              | Sigmundur Eypórsson         |
| 59. Slökkvilið Alcan í Straumsvík                                | Halldór Halldórsson         |
| 60. Slökkvilið Flateyjar á Breiðafirði (60204)                   | Magnús Jónsson              |

## Slökkviliðsstjóri



# Nýtt námsefni fyrir slökkviliðsmenn

Haustið 2003 var gerður samningur við SHS um að vinna nýtt námsefni fyrir slökkviliðsmenn og hefur ritið hlotið nafnið *Slökkvistarf*. Í því hefur verið tekið saman ýmislegt efni sem til hefur verið hjá skólanum sem hefti eða bæklingar. Auk þess hefur verið bætt við nýju efni sem er þýtt og staðfært úr ensku, þar sem aðallega er stuðst við IFSTA, eða úr sænsku en þar hafa bækur og hefti sem Ráðningsverket gefur út verið notuð til stuðnings.

Segja má að þarna sé búið að vinna úr því efni sem Guðmundur Haraldsson fyrrverandi skólastjóri hafði safnað saman eða látið vinna fyrir Brunamálaskólann og sést þar vel hve mikið starf hann vann á þessu sviði í skólastjóratíð sinni. Guðmundur veitti skólanum forstöðu frá stofnun 1994 til ársloka 2002 en í ár eru tíu ár liðin frá stofnun skólans.

SHS hefur staðið að gerð bókarinnar af miklum metnaði og hafa margir komið að verkinu af þeirra hálfu. Alls hafa um 20 slökkviliðs- og eldvarnaeftirlitsmenn tekið þátt í gerð bókarinnar á árinu og eru þeirra á meðal margir reyndustu kennarar Brunamálaskólans.

Bókin verður í 15 köflum. Í einum þeirra er lýst verklegum æfingum úr hinum ýmsu fagsviðum bókarinnar. Einnig hefur verið tekið saman kennsluefni á glærum, ýmis verkefni og prófspurningar fyrir alla kaflana. Bókin verður fullbúin og gefin út 2004.

## Námskeið Brunamálaskólans

Alls sóttu nær þrjú hundruð slökkviliðsstjórar, eldvarnaeftirlitsmenn og slökkviliðsmenn 24 námskeið sem haldin voru á vegum Brunamálaskólans í fyrra, nokkru fleiri en 2002.

Fimm námskeið voru haldin fyrir slökkviliðsstjóra um gerð brunavarnaáætlana. Alls sóttu 38 þessi námskeið.

Eitt námskeið fyrir eldvarnaeftirlitsmenn var haldið í samvinnu við SHS. Alls sóttu 12 þetta námskeið.


Námskeið fyrir stjórnendur var haldið í Sandö í Svíþjóð. Brunamálaskólinn fékk tveggja milljóna króna styrk úr manna-skiptaverkefni Leonardo da Vinci til að senda 20 menn til stjórnendanáms og var skóli Ráðningsverket í Sandö fenginn til að sjá um kennsluna. Þrjú daga undirbúningsnámskeið var haldið í Reykjavík áður en haldið var utan. Þátttakendur fengu styrk frá Fræðslusjóði brunamála til þess að standa straum af öðrum kostnaði við námskeiðið. Alls sóttu 28 þetta námskeið.

17 námskeið voru haldin fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn víðs vegar um landið. Þátttakendur á þessum námskeiðum voru alls 214.

## 292 á námskeiðum

Skipting námskeiða milli stjórnenda, eldvarnaeftirlitsmanna og slökkviliðsmanna á árinu er þannig að sex námskeið voru haldin fyrir stjórnendur, eitt fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og 17 fyrir slökkviliðsmenn. Alls sóttu 66 námskeið fyrir stjórnendur, 12 sóttu námskeið fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og 214 námskeið fyrir slökkviliðsmenn. Heildarfjöldi nemenda við skólann á árinu var því 292 en 266 árið 2002.

Árið 2003 var fyrsta heila starfsár Elísabetar Pálmadóttur skólastjóra en hún var ráðin til starfa í lok árs 2002. Þrjú gagna skólaráð er Brunamálastofnun til ráðgjafar um málefni og rekstur Brunamálaskólans. Það ber ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart brunamálastjóra en skólastjóri annast daglegan rekstur í umboði ráðsins. Engin breyting varð á skipan skólaráðsins en í því eiga sæti:





Slökkviliðsmenn frá Flúðum, Hveragerði, Þorlákshöfn, Laugarvatni og Selfossi tóku þátt í námskeiðinu slökkviliðsmaður 1 sem haldið var í Hveragerði snemma í október.

**Þorbergur Hauksson**, slökkviliðsstjóri í Fjarðabyggð formaður, skipaður af ráðherra.

**Hrólfur Jónsson**, slökkviliðsstjóri SHS tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Björn Gíslason**, framkvæmdastjóri SHS fasteigna ehf. tilnefndur af LSS.

## Farskólinn fór víða


Farskóli Brunamálaskólans heimsótti 62 staði, hélt þar æfingar fyrir slökkviliðsmenn, gerði úttekktir á slökkviliðum og stóð að stofnun tveggja nýrra slökkviliða verktaka sem annast framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar. Rúmlega eitt þúsund manns tóku þátt í æfingum með tækjabúnaði Brunamálastofnunar á árinu.

Starfsmenn tækjadeildar innréttuðu nýjan kennslu- og þjálfunargám fyrir reykköfun og var hann tekinn í notkun í byrjun árs 2004. Varadráttarþjálfun stofnunarinnar bilaði alvarlega á síðasta ári og var keypt mun yngri þjálfun í hennar stað, fjórhjóladrifinn Man 1934 árgærd 1984. Starfsmenn tækjadeildar yfirfóru og máluðu þjálfunina og gerðu hana tilbúna til notkunar fyrir sumarið 2004.

## Málþing um Brunamálaskólann

Brunamálastofnun og LSS stóðu sameiginlega að málþingi um framtíðarstefnu Brunamálaskólans 21. mars 2003. Málþingið var öllum opið. Það var afar vel sótt og er ljóst að slökkviliðsmenn sýna menntunarmálum sínum mikinn áhuga og taka virkan þátt í umræðum um þau. Tilgangur málþingsins var að fjalla um framtíðarstefnu Brunamálaskólans í kjölfar þess að ný reglugerð um menntun slökkviliðsmanna tók gildi 2001. Meðal annars var leitast við að svara spurningum um gæði og einsleitni náms slökkviliðsmanna og gæði námsefnis. Guðmundur Vignir Óskarsson, fyrrverandi formaður LSS, stýrði málþinginu en fjöldi fólks tók þátt í líflegum umræðum.

### Skipting fjölda þátttakenda milli stjórnenda og slökkviliðsmanna



## Styrkir úr Fræðslusjóði brunamála

Alls var úthlutað 3.658.464 krónum úr Fræðslusjóði brunamála 2003. Sjóðurinn veitti fjölda slökkviliða styrki samtals að upphæð 1.358.464 krónur svo þau gætu sent starfsmenn á stjórnendanámskeið Brunamálaskólans sem haldið var hjá Ráddningsverket í Sandö. Þau voru:

Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis  
Slökkvilið Keflavíkurflugvallar  
Brunavarnir A-Húnavatnssýslu  
Brunavarnir Vesturbyggðar  
Slökkvilið Súðavíkurrepps  
Slökkvilið Borgarfjarðar eystri  
Slökkvilið Vopnafjarðar, Bakkafjarðar og Þórshafnar  
SHS  
Slökkvilið Akureyrar  
Brunavarnir Suðurnesja  
Brunavarnir Borgarness og nágrennis



Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna er gríðarlega mikilvæg þegar á hólminn er komið enda sýna slökkviliðsmenn málefnum Brunamálaskólans mikinn áhuga.

Ennfremur var eftirfarandi veittir styrkir úr sjóðnum, samtals 1.250.000 krónur:

	Upphæð	Tilfni
SHS	170.000	Eiturefnanámskeið
Höskuldur Einarsson	170.000	Eiturefnanámskeið
Þorsteinn S. Karlsson	170.000	Eiturefnanámskeið
Friðrik Axel Þorsteinsson	170.000	Björgun úr bílflökum
Guðni I. Pálsson	200.000	Lokaritgerð
Stefán Einarsson	200.000	Upplýsingabæklingur um öryggisleiðbeiningar
Steinar Harðarson	170.000	Brunahönnun og brunavarnir mannvirkja

Loks var Brunamálaskólanum veittur styrkur að upphæð 1.050.000 krónur vegna námskeiðs um brunarannsóknir, námsefnisgerðar í samvinnu við LSS, gerðar námsefnis fyrir flugvallarslökkvilið og til að halda námskeið fyrir félagsmenn í Félagi byggingafulltrúa.

## Fjölsótt ráðstefna slökkviliðsstjóra

Árleg ráðstefna Brunamálastofnunar með slökkviliðsstjórum landsins var haldin á Selfossi um miðjan maí 2003 og var fjölsótt að venju. Ulf Erlandsson, sænskur sérfræðingur í brunarannsóknnum, var eini erlendi fyrirlesarinn að þessu sinni en fjöldi innlendra sérfræðinga og slökkviliðsstjóra fluttu erindi á ráðstefnunni. Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri fjallaði um nýjungar í brunamálum í setningarávarpi sínu en síðan rak hver fyrirlesturinn annan. Fjallað var um endurskoðun byggingarlaga, vaktaskipulag hjá hlutastarfandi slökkviliði, þjálfun flugvallarslökkviliða, áhættumat vegna mengunarslysa, miðlægan gagnagrunn fyrir eldvarnaeftirlit og viðbragðsáætlun fyrir Hvalfjarðargöng. Starfsmenn Brunamálastofnunar fjölluðu um byggingar utan alfaraleiða, framtíð Brunamálaskólans,

brunavarnaáætlanir og fleira. Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, var ráðstefnustjóri. Unnt er að nálgast efni frá ráðstefnunni undir umfjöllun um slökkvilið á brunamal.is.

## Forvarnamynd í alla grunnskóla

Brunamálastofnun tók virkan þátt í Eldvarnaátaki LSS eins og undanfarin ár. Liður í átakinu var að gefa öllum grunnskólum landsins eintak af forvarnamyndinni *Úr dagbók slökkviliðsins* sem gerð var árið 2002 og sýnd í Sjónvarpinu á aðventunni það sama ár við ágætar undirtektir. Brunamálastofnun stóð að gerð myndarinnar ásamt Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, SHS og LSS. Eldvarnaátakið er árlegt verkefni LSS. Í því felst meðal annars að gefa út blað með upplýsingum um eldvarnir á heimilum og slökkviliðsmenn heimsækja grunnskóla landsins og ræða við nemendur um eldvarnir og öryggismál. Brunamálastofnun veitir verkefninu dyggilegan stuðning.



# Ekkert manntjón og verulega dró úr eignatjóni



Verulega dró úr eignatjóni vegna bruna á síðasta ári miðað við árin á undan. Talsvert tjón varð þó þegar eldur kom upp í bílaverkstæði við Viðarhöfða í Reykjavík í október.

Eignatjón vegna bruna varð talsvert minna hér á landi á síðasta ári en verið hafði í þrjú ár þar á undan. Alls nemur bætt brunatjón 880 milljónum króna 2003 samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélögunum. Mest tjón varð þegar eldur kom upp í iðnaðarhúsnæði í Sandgerði og olli tjóni sem nemur yfir 100 milljónum króna. Tveir aðrir brunar ollu tjóni uppá um 30 milljónir króna hvor, á verkstæði við Viðarhöfða í Reykjavík og í trésmiðju í Þingeyjarsýslu.

Ekkert manntjón varð í bruna hér á landi á síðasta ári og er það þriðja árið af undanförunum fimm árum sem enginn ferst í bruna. Tíðni banaslysa í brunum hefur lækkað verulega á undanförunum árum.

Brunamálastofnun hefur um árabíl tekið saman upplýsingar um mann- og eignatjón vegna eldsvoða hérlendis, borið þessar upplýsingar saman milli ára og yfir lengri tímabil og sett þær í þjóðhagslegt samhengi. Jafnframt hefur stofnunin fylgst náið með stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd og birt upplýsingar þar að lútandi. Öflugar brunavarnir stuðla að auknum lífsgæðum. Það er flestum þjóðum því mikið keppikefli að halda tjóni vegna eldsvoða í lágmarki.

## Minna manntjón hérlendis

Manntjón í eldsvoðum er mun minna á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum. Hér á landi létust að meðaltali 0,24 af hverjum 100 þúsund íbúum á árunum 1997-1999 en til samanburðar má nefna að 1,37 létust í Noregi á sama tíma og 1,98

í Finnlandi. Ef litið er lengra til austurs verður samanburðurinn enn fremur Íslandi í hag. Í Eistlandi létust 14,2 af hverjum 100 þúsund íbúum, í Lettlandi 11,6 og í Rússlandi 8,1. Þegar skoðað er lengra tímabil, 1979-2002, kemur í ljós að manntjón á Íslandi er 0,72 á hverja 100 þúsund íbúa.

Frá 1979 eru aðeins fjögur ár án manntjóns í eldsvoðum. Það eru árin 1984, 1999, 2000 og 2003. Athygli er vert að þrjú þessara tjónlausu ára eru meðal undanfarinna fimm ára. Manntjón er því að meðaltali mun minna hér á landi síðustu fimm ár en áður. Algengt er að einn til tveir farist í brunum árlega en nokkur dæmi eru um ár þar sem þrír og fjórir hafa farist og allt upp í sex manneskjur árið 1979.

Alls hafa 45 farist í eldsvoðum á tímabilinu. Langflestir þeirra eru karlar eða 35. Stærsti einstaki hópurinn er karlar á aldrinum 50-59 ára. Ellefu hinna látnu voru innan við tvítugt, níu drengir og tvær stúlkur.

Langflestir létust í bruna í íbúðarhúsnæði, alls 40 manns eða 87 prósent hinna látnu. Þrír létust vegna bruna á sjúkrahúsi og þrír í annars konar húsnæði. Þegar litið er á hvenær ársins slysin hafa orðið kemur í ljós að flestir hafa látið lífið í janúar, alls 11, en manntjón vegna bruna hefur verið í lágmarki í júní, júlí, nóvember og desember. Einn lést í júní, júlí og nóvember en tveir í desember. Ef litið er enn nánar á tíma- setningu dauðaslysa vegna bruna standa laugardagar upp úr. Ellefu létust á laugardegi eða nær einn af hverjum fjórum.


**Banaslys í eldsvoðum 1979–2003**

	Fjöldi	Banaslys pr. 100 þúsund íbúa
1979	6	2,66
1980	4	1,75
1981	3	1,30
1982	2	0,85
1983	2	0,84
1984	0	0,00
1985	2	0,83
1986	3	1,23
1987	1	0,41
1988	4	1,60
1989	1	0,40
1990	1	0,39
1991	1	0,39
1992	1	0,38
1993	2	0,76
1994	2	0,75
1995	2	0,75
1996	2	0,74
1997	1	0,37
1998	1	0,37
1999	0	0,00
2000	0	0,00
2001	1	0,35
2002	3	1,04
2003	0	0,00
	<b>45</b>	<b>0,83</b>

**Verulega dró úr eignatjóni**

Eftir nokkur slæm ár með miklu eignatjóni vegna bruna dró loks verulega úr á síðasta ári. Alls nam bætt eignatjón 880 milljónum króna á síðasta ári (verðlag í júlí 2003) en tjón á sama verðlagi árin þar á undan var sem hér segir í milljónum króna:

**Hvenær verða banaslysin?**




- 2002: 1.570
- 2001: 1.499
- 2000: 2.372
- 1999: 1.046

Meðaltal síðustu fimm ára er 1.473 milljónir króna. Bætt tjón síðasta árs er því langt undir meðaltali síðustu ára og jafnframt undir meðaltali árána 1981-2003 sem er 996 milljónir króna á verðlagi í júlí 2003. Það samsvarar því að 31 króna fari í súginn á hverri sekúndu sem líður.

Bætt brunatjón hefur að meðaltali numið 0,15 prósent af vergri landsframleiðslu frá 1981 en var 0,11 prósent á síðasta ári. Hæst hefur hlutfallið komist í ríflega 0,3 af hundraði 1989 og 2000. Brunatjón síðasta árs skiptist nærri jafnt milli stóru tryggingafélaganna þriggja. Þar hefur orðið veruleg breyting á undanförunum áratugum frá því VÍS bætti um og yfir helming alls brunatjóns en TM bætti yfirleitt innan við fimm-tung tjónsins þar til á allra síðustu árum.

**Eignatjón í eldsvoðum 1981–2003 á verðlagi í júlí 2003**

Meðaltal 966 milljónir króna – 31 króna á sekúndu



## Rekstrarreikningur ársins 2003

	2003	2002
<b>Tekjur</b>		
Brunavarnargjald	149.960.901	144.330.603
Ýmsar tekjur	7.879.807	5.588.492
	<u>157.840.708</u>	<u>149.919.095</u>
<b>Gjöld</b>		
Launagjöld	56.183.659	50.024.471
Starfstengdur kostnaður	10.959.039	13.199.085
Sérfræðipjónusta og ýmis þjónusta	33.114.910	30.910.804
Húsnæðiskostnaður	18.152.913	9.447.165
Annar rekstrarkostnaður	9.222.275	13.639.547
Tilfærslur	10.962.580	3.915.000
	<u>138.595.376</u>	<u>121.136.072</u>
Eignakaup	2.160.476	6.757.811
	<u>140.755.852</u>	<u>127.893.883</u>
<b>Tekjuafgangur (-halli) fyrir fjármagnsliði</b>	17.084.856	22.025.212
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4.385.649	3.454.607
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<u>21.470.505</u>	<u>25.479.819</u>

## Sjóðstreymi ársins 2003

	2003	2002
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur (halli)	21.470.505	25.479.819
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>21.470.505</u>	<u>25.479.819</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Birgðir (hækkun)	-	3.576.460
Skammtímakröfur, (hækkun)	(2.116.147)	(1.613.074)
Skammtímaskuldir, (lækkun)	(2.077.384)	1.843.553
	<u>(4.193.531)</u>	<u>3.806.939</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>17.276.974</u>	<u>29.286.758</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Breytingar á stöðu við ríkissjóð		
Framlag ríkissjóðs	-	-
Greitt úr ríkissjóði	(17.155.194)	(22.105.642)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	<u>(17.155.194)</u>	<u>(22.105.642)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	121.780	7.181.116
Handbært fé í ársbyrjun	57.456.232	50.275.116
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<u>57.578.012</u>	<u>57.456.232</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

	2003	2002
<b>Eignir</b>		
<b>Veltufjármunir</b>		
Ríkissjóður	146.085.854	128.930.660
Birgðir	363.406	363.406
Skammtímakröfur	19.084.686	16.968.539
Handbært fé	57.578.012	57.456.232
<b>Eignir alls</b>	<u>223.111.958</u>	<u>203.718.837</u>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	182.854.384	157.374.565
Tekjuafgangur (-halli) ársins	21.470.505	25.479.819
	<u>204.324.889</u>	<u>182.854.384</u>
<b>Annað eigið fé</b>		
Eigið fé vegna markaðra tekna	14.278.439	14.278.439
	<u>14.278.439</u>	<u>14.278.439</u>
<b>Eigið fé</b>	<u>218.603.328</u>	<u>197.132.823</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Skammtímaskuldir	4.508.630	6.586.014
<b>Skuldir</b>	<u>4.508.630</u>	<u>6.586.014</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>223.111.958</u>	<u>203.718.837</u>

## Áritun endurskoðanda

### Til Brunamálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunamálastofnunar fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Brunamálastofnunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákallaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Brunamálastofnunar á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

### Ríkisendurskoðun, júlí 2004

Sigurður Þórðarson      Sigurjón I. Haraldsson  
ríkisendurskoðandi



# The Iceland Fire Authority – Annual Report 2003

The Iceland Fire Authority is an institute of knowledge, coordination, supervision and administration, working with and for the central public authorities, the fire brigades, the general public and other interested parties, on consultation, supervision, and reforms in the field of fire protection. The Authority represents Iceland in international collaboration in the field of fire protection.

## Diverse tasks in accordance with the law

The Iceland Fire Authority operates in accordance with the new laws on fire protection, which were introduced at the beginning of 2001. The principal tasks of the Authority are

- to supervise the implementation of the laws, and of the regulations set forth thereby,
- to supervise fire protection inspections and fire fighting in local communities, to ensure coordinated supervision and effective fire fighting,
- to attend to the introduction and instruction of the general public and of fire brigades and of those who work on designing buildings for fire safety,
- to offer advice to building authorities on fire protection in buildings and on the fire safety of merchandise,
- to approve service and inspection parties for fire protection, and for the fire protection plans of local authorities,
- to check the fire safety design for new buildings, extensions and alterations of structures, which the fire chief or local building authority refers to the institute,
- to monitor and, depending on circumstances, to conduct independent research in the field of fire protection, along with writing an annual report on the causes and effects of fires,
- to monitor advancements and innovations in the field of fire protection and make proposals to the Ministry on changes of regulations, as occasion demands.

The Iceland Fire Authority is at the same time obliged to work on the coordination of fire protection in Iceland and to promote co-operation between those who work on fire protection. The Authority shall, with independent observations and appraisals, instruct local authorities on the requirements for fire protection inspections and fire brigades.

## Administration of fire services

The Minister for the Environment is in charge of fire protection affairs. The Minister appoints the Director of the Iceland Fire Authority every five years. He handles the daily management and operation of the Authority and hires its employees. He is responsible to the Minister for its operation. Dr Björn Karlsson was appointed Director of the Iceland Fire Authority from 1 January 2001. There were eleven salaried employees of the Iceland Fire Authority on 31 December 2003. The Authority also pays for the services of consultants for particular projects.

The Minister for the Environment appoints the Iceland Fire Authority Council for a term of four years at a time. The Council gives the Iceland Fire Authority technical advice. The

Chairman of the Iceland Fire Authority Council is Drífa Sigfúsdóttir.

## Performance management agreement

At year-end 2003, Siv Friðleifsdóttir, Minister for the Environment, and Dr Björn Karlsson, Director of the Iceland Fire Authority, signed an agreement for measuring the performance of the Authority against defined benchmarks using the Balanced Scorecard methodology. The Authority thereby became one of the first Icelandic public bodies to enter into such an agreement. The agreement was the result of substantial policy formulation and review of the Authority's internal procedures. The term of the agreement will be from 2004 to 2007, and it is envisaged that the Ministry for the Environment will assess the results annually.

The performance criteria of the Authority's scorecard are based on two strategic documents: on the one hand, the Iceland Fire Authority's Strategy until 2007 and, on the other hand, the Fire Protection Act No. 75/2000. Both specify the main role of the Authority as protecting lives, people's health, the environment and property. Together with increased demands for the efficiency of public bodies, the Act has produced substantial changes in the Authority's operating environment.

When measuring the Authority's performance, four criteria will be considered in particular:

- Service to customers
- Financial management
- Human resources
- Internal procedures

Among other things, the focus is on providing excellent service to interested parties, preventive action and dissemination of information, and ensuring the safety and variety of the Fire Service Technical College's activities. Also, a key performance criterion will be whether operations are in accordance with budget limits and plans.

## The first fire safety strategies published

Pursuant to the Fire Protection Act from 2000, local authorities are responsible for formulating fire safety strategies for their fire brigades' respective service areas and submitting them for approval to the Iceland Fire Authority. Instructions on the design of fire safety strategies were published in 2001, and in the past few years many local authorities have been working on strategies based on these instructions.

The first fire safety strategy to receive the Authority's approval was for the Húsavík Fire Brigade, and was signed in the town of Húsavík, in northern Iceland, on 23 October 2003. This was followed by the signature of the fire safety strategy for Skagafjörður Fire Brigade in northern Iceland by the Director of the Iceland Fire Authority and representatives of the Skagafjörður local authorities. Numerous other local authorities have submitted drafts of fire protection strategies to the Authority for review. However, it is clear that the formulation of fire safety strategies will be delayed for many

local communities, as in many places around the country preparations are underway for further co-operation between, and even mergers of, fire brigades.

In a fire safety strategy, the local authorities in question should define the fire safety services that they intend to provide. A minimum preparedness level is specified centrally, but any requirements beyond that level are at the discretion of the local authorities. This enables them to take charge of certain aspects of fire safety strategies, while at the same time having the option of collaborating on other aspects of the service and sharing responsibilities.

The purpose of a documented fire safety strategy is for local authorities to define the fire safety services they intend to provide as well as their response mechanisms against accidents involving hazardous materials. The goal is to facilitate organisation and to increase the transparency of fire brigades' activities to the general public in each area.

The Iceland Fire Authority took part in numerous research projects in Iceland and abroad during the year and provided training in fire safety for various professions of relevance in this context.

In total, the Authority worked on 55 cases incorporating design inspections. The Authority has systematically inspected the status of fire protection in buildings and recorded them on a database since 1987. It is clear that the status of fire protection has improved over the past five years. In 2003, the Authority paid particular focus to upper secondary schools, guest houses and fishing/hunting lodges.

## **Fire brigades prepare for co-operation**

Sixty fire brigades were operating in Iceland at the end of 2003. The number of conventional fire brigades dropped by one during the year. On the other hand, two new fire brigades were established to operate temporarily in relation to the Kárahnjúkar hydropower project in eastern Iceland. Four of the brigades are exclusively manned by professionals, several brigades have one or more employees working full-time, but in numerous cases the fire chief controls a team of appointed fire fighters. There are about 1,600 fire fighters in Iceland, most of whom are appointed.

The new law on fire protection assumes that communities can cooperate in certain aspects of the management of fire brigades and fire protection inspections, and the authorities in fact encourage the fire services in such co-operation. A preliminary clause in the law authorises the Iceland Fire Authority to grant temporary financial support to communities which intend to be incorporated in the management of fire protection inspections and/or fire brigades.

Over 30 local authorities and fire safety associations received grants from the Iceland Fire Authority for the preparation of reports on possible co-operation between fire brigades, among other things in relation to response mechanisms against accidents involving hazardous materials and fire protection inspection.

Reports are now available on intended co-operation between fire brigades in various parts of the country, and

similar reports are being prepared elsewhere. On availability of these reports on possible co-operation or unification, the fire brigades in question can apply for grants from the Iceland Fire Authority to purchase equipment for dealing with accidents involving hazardous materials. Substantial amounts are expected to be granted for projects of this type in the following months.

## **New syllabus for the Fire Service Technical College**

In 2003 the Fire Service Technical College held seminars for a total of 292 fire fighters and fire chiefs from all over Iceland. The Equipment and Training divisions of the Iceland Fire Authority visited 62 fire brigades, among other things to hold practice sessions.

During the autumn of 2003, the Iceland Fire Authority entered into an agreement with the Capital District Fire and Rescue Service (CDFARS) on preparing a new syllabus for fire fighters. It contains various materials that existed in small books or leaflets previously published by the College. Also, new material has been added, translated and localised from English publications – mainly training materials from the International Fire Service Training Association (IFSTA) – or adapted from Swedish books and leaflets published by the Swedish Rescue Services Agency (Räddningsverket).

CDFARS has exhibited much ambition in the making of the book, and many people have worked on the project on the organisation's behalf. A total of about 20 fire fighters and fire inspectors have participated in the writing and production of the book, including many of the College's most experienced instructors. The book will consist of 15 chapters, including a chapter describing practical exercises from the book's various subject areas. In addition, teaching materials on slides, various assignments and exam questions have been prepared for all of its chapters. The book will be completed and published in 2004.

## **Considerably less fire damage**

Loss of lives and property through fire was considerably below average last year. Loss of property was on average about ISK 996 million in the years 1981-2003, but last year it was about ISK 880 million. On average, almost two persons a year perished in fires, but none perished in fire last year. The number of fire deaths has fallen substantially in recent years. It is clear though that property damage has increased in recent years, in keeping with increased property formation in Iceland. Since 1996, the average level of property damage per year has become much higher than during the three preceding five-year periods. However, fire damage in Iceland is similar or less than in many neighbouring countries when account is taken of gross domestic production (GDP). Last year's overall fire damage amounted to 0,11 % of GDP, compared to 0.197 % in 2002, 0.202 % in 2001 and 0.301 % in 2000.

Líf, heilsa,  
umhverfi og eignir

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnarsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hafa meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.